



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: **Samþykkt samnings við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um upplýsingagjöf til eldra fólks**

Lagt er til að samþykkt verði meðfylgjandi drög að samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um upplýsingagjöf til eldra fólks. Með samningnum tekur velferðarsvið að sér að reka símaráðgjöf og rafræna upplýsingagjöf á landsvísu fyrir eldra fólk og aðstandendur þess. Samningurinn gildir í eitt ár með heimild til framlengingar samtals til tveggja ára. Enginn kostnaður fellur á Reykjavíkurborg vegna samningsins en félags- og vinnumarkaðsráðuneytið greiðir 15 m.kr. vegna framkvæmdar þjónustunnar.

Greinargerð:

Með samningnum tekur velferðarsvið Reykjavíkurborgar að sér að reka upplýsinga- og ráðgjafþjónustu fyrir eldra fólk og aðstandendur þess. Rafræn miðstöð velferðarsviðs mun annast framkvæmd þjónustunnar sem samningurinn tekur til.

Þjónustan verður veitt í gegnum síma, netspjall eða á fjarfundum. Þjónustan verður markvisst kynnt um land allt í samstarfi við Gott að eldast, með það að markmiði að auðvelda aðgengi að upplýsingum og ráðgjöf um hvað eina sem varðar þjónustu og réttindi eldra fólks. Öll ráðgjöf skal vera þjónustuþegum og aðstandendum þeirra að kostnaðarlausu. Þar sem óskir um upplýsingar eða ráðgjöf munu berast í gegnum lífsatburða síðu Ísland.is „Að eldast“, þá mun ráðgjafi frá Rafrænni miðstöð sitja í ritnefnd þeirrar lífsatburða síðu.

Við framkvæmd samningsins mun Rafræn miðstöð eiga í samráði og samvinnu við Ísland.is og starfsfólk félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, Gott að eldast, sem og Landspítala, Sjúkrahús á Akurkeyri, aðrar heilbrigðisstofnanir og félagsþjónustu um land allt, dagdvalir og aðrar þær stofnanir og fyrirtæki sem koma að þjónustu við eldra fólk.

Samningurinn gildir frá og með 1. desember 2024 til og með 30. nóvember 2025 og er heimilt að framlengja hann tvisvar sinnum í eitt ár í senn. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið greiðir Reykjavíkurborg 15 m.kr. við undirritun samningsins til þess að standa straum af kostnaði Reykjavíkurborgar vegna samningsins.

Fylgiskjal:

Drög að samningi félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 15. nóvember 2024.

